



Áveitan

4. tbl. 10. árgangur. Apríl 2016

Víðavangshlaup Umf. Þjótanda

Hið árvissa víðavangshlaup mun fara fram á Þjórsárbökkum á sumardaginn fyrsta, 21. apríl. Hlaupið hefst við afleggjarann að Árprýði og er um einn kílómetri að lengd. Hlaupið byrjar að þessu sinni kl 11:00 en skráning hefst kl 10:30. Við hvetjum fólk til þess að mæta tímanlega til þess að skrá sig svo hægt verði að ræsa hlaupið á réttum tíma. Fyrsti karl og kona fá farandverðlaunagrip, en að auki fá allir keppendur verðlaunapening þegar þeir koma í mark. Svaladrykkir verða í boði ungmennafélagsins. Hlaupið er ætlað öllum aldurshópum svo við hvetjum allar fjölskyldur sveitarinnar til þess að koma og byrja sumarið saman á skemmtilegan hátt!

Skíðaferð

Umf. Þjótandi hefur í samstarfi við Flóaskóla ákveðið að fara í skíðaferð í Bláfjöll föstudaginn 8. apríl, en ferðinni sem átti að fara í 18. mars var frestað vegna veðurs.

Lagt verður af stað frá Flóaskóla kl 8:30. Umf. Þjótandi greiðir fyrir rúturnar og ferðin er opinn öllum. Heimferðir verða kl. 13 og 16.

Hafa skal samband við Árna Geir Hilmarsson í síma 898-1830, eða netfangið arni@floaskoli.is ef einhverjir vilja bæstast í hópinn. Kostnaður við ferðina er fyrir hvern og einn:

Lyftukort kr. 850 kr,-

Leiga á skíða- og brettabúnaði kr. 3.200,-

Fjölmennum í þessa skemmtilegu ferð!

Umf. Þjótandi og Flóaskóli

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Ragnar Sigurjónsson
icegordon@gmail.com
S. 820-3565

lðunn Ýr Ásgeirsdóttir
idunnyr84@gmail.com
S: 865-1454

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is
S. 892-4155

Frá sveitarstjóra

Ágætu íbúar

Marsmánuður er nú að baki, páskarnir búnir, birtutíminn lengist stöðugt og dagurinn orðinn lengri en nóttin. Vorið er framundan og undirbúningur hafinn fyrir sumarverkefnið. Umhverfisátakið heldur áfram og rétt að minna á möguleika íbúa á því að fá til sín gáma ef hreinsa þarf t.d. burtu eldri byggingar sem hættar eru að þjóna hlutverki sínu og jafnvel gætu valdið tjóni á nærliggjandi byggingum í vondum veðrum. Tímabilið sem gámar verða í boði verður auglýst í maí hefti Áveitunnar.

Hvatastyrkir

Minnt er á að umsóknir um „hvatastyrki“ þurfa að berast á skrifstofu Flóahrepps fyrir 1. maí. Nánari upplýsingar á skrifstofu Flóahrepps í síma 480 4370 eða á netfangið gudrun@floahreppur.is

Vinnuskóli – umsóknir

Flóahreppur starfrækir vinnuskólann með svipuðu sniði og verið hefur sumarið 2016. Verkefnið eru heilmörg og framlag vinnuskólans mikilvægt við að halda lóðum og opnum svæðum snyrtilegum og ásýnd sveitarinnar sem bestri.

Umsóknareyðublöð fyrir þá sem óska eftir að starfa í vinnuskólanum er að finna á heimsíðu sveitarfélagsins og skrifstofu Flóahrepps. Umsóknarfrestur er til 15. maí. Stefnt er að því að bjóða upp á garðslátt og hirðingu gegn vægu gjaldi þar sem þess verður óskað.

Menningarstyrkur Flóahrepps 2016

Flóahreppur auglýsir eftir umsóknum um menningarstyrk Flóahrepps vegna ársins 2016 sbr. reglur um úthlutun styrkja til menningarmála í Flóahreppi: Styrkuppþæð verður samkvæmt fjárhagsáætlun hvers árs. Styrkir verða veittir til verkefna sem talin eru skipta máli fyrir mannlíf og félagslíf og/eða til þess fallin að stuðla að björgun menningarverðmæta í sveitarfélaginu.

Eftirfarandi vinnureglur eru settar til viðmiðunar fyrir úthlutun styrkja:

- Að um sé að ræða verkefni í Flóahreppi.
- Að umsækjandi sé lögráða einstaklingur, félagasamtök, stofnun eða fyrirtæki sem er með lögheimili í Flóahreppi.
- Að umsókn fylgi lýsing á verkefni með verkáætlun, tímaramma, fjárhagsáætlun og upplýsingar um umsækjendur.
- Að umsækjandi ábyrgist að öll tilskilin leyfi séu til staðar fyrir framkvæmd verkefnis.
- Að umsókn fylgi ósk um styrkuppþæð.

Ekki verða veittir ferðastyrkir eða styrkir til reksturs. Umsóknum þarf að skila á skrifstofu Flóahrepps fyrir 15. apríl ár hvert og úthlutanir verða í tengslum við Fjör í Flóa. Sveitarstjórn Flóahrepps tekur ákvörðun um úthlutun styrks/styrkja samkvæmt fyrirliggjandi umsóknum. Sveitarstjórn getur leitað álits þar til bærra aðila við mat á umsóknum. Sveitarstjórn getur ákveðið að veita styrk til eins verkefnis eða fleiri. Umsóknir ásamt fylgigögnum, berist Flóahreppi, Þingborg, 801 Selfoss eða á netfangið floahreppur@floahreppur.is, merkt „menningarstyrkur“.

Flokksstjóri unglingavinnu

Vinnuskóli Flóahrepps auglýsir eftir flokksstjóra til þess að hafa umsjón með starfseminni í samráði við umsjónarmann fasteigna og sveitarstjóra.

Umsækjendur þurfa að hafa bilpróf og vinnuvélaréttindi, vera reglusamir og eiga auðvelt með samskipti við unglinga. Umsóknir berist skrifstofu Flóahrepps eða á netfangið, floahreppur@floahreppur.is, merktar „flokksstjóri“ fyrir 15. apríl.

Sveitarstjóri Flóahrepps.

Frá leikskólanum Krakkaborg

Nú líður að því að skipulagning næsta skólaárs fari á fullt. Þeir foreldrar sem hyggjast sækja um skólavist fyrir nýja nemendur eru beðnir um að ganga frá leikskólaumsókn fyrir 30. apríl n.k. Sótt er um með því að fara á heimasíðu leikskólans www.leikskolinn.is/krakkaborg Þar er smellt á flipann „Um leikskólann“ og þá kemur upp valmöguleikinn „Leikskólaumsókn“.

Á heimasíðunni er einnig að finna ýmiskonar fróðleik um leikskólann þ. á m. skólanámskrá leikskólans, starfsáætlanir, foreldrahandbók, fréttir og margt fleira.

Með kveðju,
Hallfríður Ó. Aðalsteinsdóttir
Aðstoðarleikskólastjóri í Krakkaborg

Fundargerð aðalfundar Ungmennafélagsins Þjótanda

Haldinn í Þingborg 6. mars 2016

Mættir voru 13 félagar

Fundarstjóri Stefán Geirsson

1. Samþykkt að stjórn UMF. Þjótanda gangi til samninga við Flóahrepp varðandi félagsheimilin þrjú Félagslund, Þingborg og Þjórsárver. Umf. Þjótandi afhendir sveitarfélaginu eignarhluti sína í félagsheimilinum gegn því að gerður verði samstarfssamningur sem kveður á um að félagið fái afnotarétt af þeim til framtíðar.

2. Inntaka nýrra aðila

Hvetja fólk til að skrá sig í félagið

3. Skýrsla stjórnar

Guðmunda les upp Aðalskýrslu Þjótanda sem var send til HSK. 16 nóv. Stofnfélagar í nýja sameiginlega ungmennafélaginu Þjótanda voru 38 manns.

Umræður um skýrslu stjórnar

Engar athugasemdir

4. Tillögur fyrir aðalfund Umf. Þjótanda 2016

a) Aðalfundur Umf. Þjótanda samþykkir að skipuð verði þriggja manna nefnd sem vinni að og skipuleggi frekari uppbyggingu svæðisins við Einbúa í samráði við stjórn félagsins. Nefndin sjái einnig um að skipuleggja umhirðu á svæðinu. Samþykkt einróma

b) Aðalfundur Umf. Þjótanda samþykkti að stjórn Umf. Þjótanda gangi til samninga við Flóahrepp og afhendi sveitarfélaginu eignarhluti sína félagsheimilunu þremur Félagslund, Þingborg og Þjórsárveri. Gerður verði samstarfssamningur við sveitafélagið sem kveður á um að Þjótandi fái afnotarétt af félagsheimilum til framtíðar

Athugasemdir: Umhirða við Einbúa þarf að vera innifalin í samning við Flóahrepp. Samþykkt einróma

c) Aðalfundur Umf. Þjótanda samþykkir að árgjald félagsins 2016 verði 1000kr.- fyrir 12 ára og eldri.

Samþykkt einróma

5. Umræða kom upp um nokkur mál:

Athuga með hvort þarf að borga húsaleigu fyrir viðburði á vegum Þjótanda í félagsheimilum.

Athuga hvort það fáiast lækkun á gjaldi vegna viðburða á vegum Þjótanda

Hvar verða aðalstöðvar félagsins? Þarf að koma fyrir öllum munum í eigu Þjótanda.

6. Kosningar

Samþykkt einróma að hafa óbreytta stjórn. Sveinn Orri segir af sér í skemmtinefnd og Hjördís Björg Viðjudóttir er kosin einróma í hans stað. Fanney gefur kost á sér áfram í ritnefnd og Árni Geir í íþróttanefnd.

7. Önnur mál.

Búningamál. Búið að panta frá JAKÓ.

Búnaðarfélag Villingaholtshrepps hefur ákveðið að gefa félaginu Þjótanda 6 páskaegg fyrir páskabingó sem haldið verður í Þjorsárveri.

Rætt að auglýsa ekki morgunmatinn í Fjör í Flóa. Og jafnvel færa morgunmat í Félagslund. Hafa Fjör í Flóa með óbreyttu sniði.

Athuga með gæslu í Fjör í Flóa frá Þjótanda og fengi félagið greitt fyrir.

Tillaga kom um það að ekki megi nota merki félagsins nema með leyfi frá stjórn.

Ekkert fleira tekið fyrir og fundi slitið.

Fundarritarari Magnús St. Magnússon

Nefnd um uppbyggingu og viðhald svæðisins við Einbúa

Á aðalfundi Umf. Þjótanda var samþykkt tillaga þess efnis að skipuð yrði þriggja manna nefnd sem myndi sjá um að skipuleggja framtíðar uppbyggingu svæðisins í Einbúa og annað viðhald í samstarfi við stjórn ungmennafélagsins. Nú þegar hafa Baldur Gauti Tryggvason og Einar Magnússon tekið sæti í nefndinni en hér með er óskað eftir þriðja manningunni í nefndina. Ef einhver hefur áhuga á að taka þetta sæti þá er viðkomandi bent á að tala við Baldur Gauta í síma 867-3538. Mörg spennandi verkefni eru framundan sem vonandi geta stuðlað að aukinni notkun á okkar fallega félagssvæði.

Stjórnin

Húsnæði óskast í Flóahreppi

Reyklaus og reglusöm hjón með 5 börn óska eftir húsnæði til leigu í Flóahreppi sem fyrst.

Upplýsingar hjá Sigurði í síma 893-4254.

Húsvarsla

Starfskrafur óskast í fullt starf á fasteignasvið sveitarfélagsins Flóahrepps.

Undir fasteignasvið heyra allar húseignir sveitarfélagsins. Skóli, leikskóli, Félagsheimilin Þingborg, Félagslundur og Þjórásarver, „Gamla Þingborg“ og sex íbúðarhús auk lóða. Starfsmaðurinn er hluti af þriggja manna teymi sem annast húsvörslu, umsjón og minniháttar viðhald.

Óskað er eftir starfsmanni til að:

- Hafa umsjón með skólamannvirkjum og öðrum húseignum
- Hafa umsjón með lóðum í eigu sveitarfélagsins í samstarfi við vinnuskóla Flóahrepps
- Sinna smærri viðhaldsverkefnum
- Sjá um bókanir og undirbúning vegna viðburða í félagsheimilum
- Sjá um þrif og frágang í félagsheimilum

Hæfniskröfur:

- bílpróf
- stundvísi, reglusemi og góð færni í mannlegum samskiptum
- áreiðanleiki
- snyrtimennska
- skipulagshæfileikar
- almenn tölvukunnátta
- einhver enskukunnátta

Leitað er að metnaðarfullum, jákvæðum og duglegum einstaklingi sem í störfum sínum þarf að sýna frumkvæði, sveigjanleika og lipurð í samskiptum.

Ráðið verður í starfið skv. kjarasamningi, til eins árs með möguleika á framtíðaráðningu að þeim tíma liðnum. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi FOSS við launaneftnd sveitarfélaga.

Umsóknarfrestur er til 5. apríl 2016. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf eigi síðar en 1. júní næstkomandi.

Nánari upplýsingar gefur Eydís Þ. Indriðadóttir sveitarstjóri, sími 480-4370, netfang floahreppur@floahreppur.is.

Umsóknir um starfið ásamt starfsferilskrá, meðmælum og skakavottorði, berist Flóahreppi, Þingborg 801 Selfoss eða á netfangið floahreppur@floahreppur.is merkt „Fasteignasvið“

Sleifin, kvöldvaka kvenfélaganna í Flóahreppi 7. apríl.

Kvenfélag Villingaholtshrepps býður kvenfélagskonum í Kvenfélagi Gaulverjabæjarhrepps og Kvenfélagi Hraungerðishrepps ásamt gestum á kvöldskemmtun í Þjósárveri, **fimmtudagskvöldið 7. apríl kl. 20.30.**

Fyrirlestur verður um heilun, blómadropa og kristalla og svo að sjálfögðu kaffiveitingar.

Við hlökkum til að sjá ykkur og eiga góða stund með ykkur kæru vinkonur.

Sólveig Þórðardóttir, form. kvenf. Villingaholtshrepps

Frá 10. bekk Flóaskóla

Vikuna 1.-8. apríl verða 10 bekkingar Flóaskóla á ferðinni í sveitinni að safna flöskum. Flöskusöfnunin er liður í fjáröflun þeirra fyrir útskriftarferð í vor. Sveitungar eru beðnir að taka vel á móti krökkunum.

14. apríl kl. 20.00 heldur 10. bekkur bingó í Þjósárveri. Bingóið er liður í fjáröflun þeirra fyrir útskriftarferð í vor. Allir velkomnir. Spjaldið kostar 500 krónur. Sjoppa verður opin.

Frá Skógræktarfélagi Villingaholtshrepps

Nú er vorið á næsta leiti og margir farnir að hugsa um gróðusetningar og ýmsa ræktun. Þeir félagar sem hafa hug á að fá skógarplöntur hjá félaginu hafi samband við Þórunni á Vatnsenda sem fyrst. Í síma 862-1542 eða 486-3342

UPPSKRIFTARHORNID

Gæs úr garðinum heima:

Takk Mareike fyrir þetta. Það vill til að mér finnst mjög gaman að elda og ætla að deila með ykkur uppskrift að heilsteiktri fylltri gæs.

Eins og gefur að skilja þá þarf fyllingu í fyllta gæs, og hana er best að gera kvöldið áður.

Fylling:

- 1 laukur
- 1 epli
- ½ dl þúrtvín
- 200 gr sveskjur

Epli og laukur skorinn í smáa bita. Því ásamt sveskjum blandað saman í skál og hellum þúrtvíninu yfir, setjum svo lok á, hristum og hendum inni ísskáp.

Til að gera sósu þarf soð.

Sósusoð:

- Innmatur úr gæs (Fóarn, lifur, hjarta)
- 1 laukur
- 3 stórar gulrætur
- 1 sellerístilkur
- 2 lítrar vatn

Laukur, gulrætur og sellerí og skellt í pott ásamt 2 lítra af vatni og innmat. Þetta er svo soðið í nokkrar klukkustundir og passa þarf að hafa lok á pottinum. Að því loknu er lokið tekið af og soðið kröftuglega niður, soðið sigtað og sett í könnu.

Nú þegar gera skal gæs þá þarf maður eina gæs. Bestar eru þær

sem maður skýtur sjálfur. Jafnvel þó þær séu vondar þá lýgur maður til um að þær séu það ekki.

Það fyrsta sem maður gerir er að fylla gæsina með fyllingunni frá kvöldinu áður. Svo er saumað fyrir eða notaðir timburprjónar til að loka gatinu.

Gæsina er gott að elda í sem lengstan tíma á lágum hita. Mér finnst fínt að miða við 4 tíma við 100° í steikarpotti með lokið á, taka svo lokið af síðasta hálf tímann og hækka hitann í 200°

Eitt það mikilvægasta þegar borða skal gæs er sósan.

Sósa:

- Sósusoð
- Þúrtvín
- Rjómi
- Hveiti
- Fita úr steikarpott
- Rifsberjahlaup
- Salt
- Pipar

Það fyrsta er að ná í fitu úr botninum á steikarpottinum og hræra upp „smjörbollu“ þynna hana svo með soðinum og dassa í hana öðrum innihaldsefnum eftir smekk. Verði ykkur að góðu.

Mig langar svo að skora á Sigurð Inga Sigurðsson í Hamarskoti að koma með næstu uppskrift.

Heimir Rafn Bjarkason



SKÓGRÆKTARFÉLAG
HRAUNGERÐISHREPPS

Aðalfundur Skógræktarfélags Hraungerðishrepps
verður haldinn í Þingborg fimmtudaginn 14. apríl 2016 – kl. 20:30

Dagskrá:

Hefðbundin aðalfundarstörf.

Kaffveitingar – Eftir aðalfundinn mun dr. Aðalsteinn Sigurgeirsson erfða- og skógfræðingur, forstöðumaður rannsóknarstöðvarinnar á Mógilsá spjalla við okkur um skógrækt og trjágróður í fortíð, nútíð og framtíð.

Stjórnin

Frá Búnaðarfélagi Gaulverja

Aðalfundur Búnaðarfélags Gaulverja verður haldinn í Félagslundi mánudagskvöldið 11. apríl kl. 20.30.
Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin.

Barnapössun

Ég heiti Kolbrún Katla Jónsdóttir. Ég bý í Lyngholti og verð 15 ára gömul í september.

Ég hef ágæta reynslu af barnapössun og er tilbúin til að passa börn á öllum aldri.

Ef þú hefur áhuga hafðu þá samband í síma: 6155731 eða 4863319.
Ég get útvegað meðmæli ef óskað er.

Bestu kveðjur, Kolbrún Katla

Afmælistónleikar – Björgvin 60 ára

**Afmælistónleikar í Selfoskirkju sunnudaginn 24. apríl
kl. 16:00.**

Sex söngvarar, blandaður kór og hljómsveit flytja tónlist eftir Björgvin Þ. Valdimarsson í tilefni af 60 ára afmælis hans.

Einsöngvar eru Gissur Páll Gissurarson, Þóra Gylfadóttir, Egill Árni Pálsson, Harpa Ósk Björnsdóttir, Gísli Stefánsson og Óskar Pétursson sem er jafnframt kynnir á tónleikunum. Einnig kemur fram Sönghópur Suðurlands sem er blandaður kór skipaður tónlistarmenntuðu fólki af Suðurlandi. Hljómsveitin Elektra Ensemble sér um undirleik auk þess að frumflytja tvö verk eftir Björgvin sem heita Tangó 60+ og Gamli skóðinn hans pabba. Það má geta þess að dóttir Björgvins, Helga Þóra er fiðluleikari í hljómsveitinni. Mörg af þekktustu lögum Björgvins verða flutt á tónleikunum, m.a. kórlög, einsöngslög og dúettar.

Björgvin er fæddur og uppalinn á Selfossi og hóf ungur að aldri tónlistarnám í Tónlistarskóla Árnesinga. Síðan lá leiðin til Reykjavíkur í frekara tónlistarnám. Björgvin stjórnaði Samkór Selfoss á árunum 1976-1982 og frumflutti kórinn mörg af hans fyrstu lögum og má þar nefna lögin Sýnin, Mariúbæn, Undir dalanna sól og Vorsól sem Júlíus Vífill Ingvarsson söng með kórnum. Einnig var hann undirleikari með Karlakór Selfoss auk þess að kenna nokkur ár við Tónlistarskóla Árnesinga. Eftir að Björgvin fluttist til Reykjavíkur árið 1983 tók hann við stjórn Skagfirsku söngsveitarinnar og stjórnaði kórnum í 25 ár. Auk þess að semja tónlist hefur Björgvin gefið út margar kennslubækur fyrir píanó, m.a. Píanó-leikur 1., 2. og 3. hefti. Björgvin hefur gefið út tvo geisladiska “Undir Dalanna sól” árið 2005 og “Allt sem ég er” árið 2009. Í dag rekur Björgvin sinn eigin tónlistarskóla sem heitir Tónskóli Björgvins.

Í tilefni af 60 ára afmælinu hefur Björgvin gefið út nýtt lag með söngkonunni Mörtu Kristínu Friðriksdóttur. Lagið heitir Annan dag. Hægt er að sjá myndband með laginu á [youtube.com](https://www.youtube.com)

Aðgangseyrir að tónleikunum er kr. 1500.



Umhverfisdagur

Verður haldinn í Árnesi
9. apríl 2016.

Dagskráin verður fjölbreytt.

- Atriði frá börnum í Þjórsárskóla.
- Atriði frá börnum í leikskólanum

Leikholti.

- Fyrirlestur um minni matarsóun:

Dóra Svavarsdóttir.

- Erindi frá Landvernd:

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

- Fuglalíf við Þjórsá:

Tómas Grétar Tómasson fuglafræðingur.

- Landbótafélag Gnúpverja verður með kynningu á starfi sínu.

- Bætt flokkun á hráefni. Hvað er til ráða?

- Kaffihlé

- Umræðuhópar.

- Kompusala í umsjón

Kvenfélags Gnúpverja.

Umhverfisnefnd.

Fjör í Flóa - síðustu forvöð

Enn er svigrúm til að bæta við opnum húsum og viðburðum inn á dagskrá Fjörs í Flóa sem haldið verður 27. til 29. maí. Þeir sem eru áhugasamir um að vera með viðburð, opið hús, sölubás, sýningar eða vilja koma á framfæri hugmyndum að dagskrárliðum eru beðnir um að setja sig í samband við Ingibjörgu Einarsdóttur, húsvörð Þingborgar fyrir **10. apríl** í síma 691-7082.

Rekstarstjórn

Skákfréttir:

Skólaskákmót Flóaskóla 2016

Mánudagana 29.feb og 7.mars var skólaskákmót Flóaskóla 2016 haldið. Alls voru 29 keppendur og því teflt á 14 borðum.

Hafður var sá háttur á að allir tefldu í einum hóp. Þannig gat einhver í 1 bekk tefld við 10 bekking o.s.frv. Haldið er utanum úrslit í yngri og eldri flokk samkvæmt reglum skáksambands Íslands um skólaskák.

Sigurvegari mótsins var Dagur Fannar Einarsson úr 8 bekk. Hann fékk 6 1/2 vinning af 7 mögulegum og vann því allar sínar skákir. Dagur Fannar er því skákmeistari Flóaskóla - bæði yfir yngri og eldri.

Daði Kolviður Einarsson átti gott mót og sigraði í yngri flokk með 5 1/2 vinning af 5 mögulegum.

Verðlaunaafhending á eftir að fara fram í samráði við Flóaskóla.

Páskaeggjaskákmót Þjótanda 2016

Páskaeggjaskákmót Þjótanda 2016 fór fram laugardaginn 19.mars kl.10. Tefldar voru 7 umferðir með 15 mín. umhugsunartíma.

Að þessu sinni var haldið utanum úrslit í tveim flokkum: yngri (börn á grunnskólaaldri) og svo eldri.

Í fyrstu umferð drógust saman Sverrir Unnarsson og Ágúst Valgarð Ólafsson (undirritaður), en þeir lentu í 1 og 2 sæti á nýársskákmóti Þjótanda núna í janúar. Þetta varð hörku spennandi skák þar sem Ágúst tefldi sína hefðbundnu Caro-Kann vörn með svörtu, fékk mun verri stöðu útúr byrjuninni og var rétt orðinn mót eftir 8-12 leiki. Tókst þó að hanga á þessu - og svo fór að jafntefli var samið.

Eftir þetta vann Sverrir allar sínar skákir nema hvað Reynir Bjarkason sigraði hann með sinni alkunnu grjótagarðsárás - en það teflir Reynir einatt með hvítt. Þá er miðborðinu læst og svo allt þúður sett í árás á kóngsvæng. Þegar þúðurreyknum létti hafði Reynir gjörsigrað og notað aðeins til þess innan við 5 mín. Flott skák hjá Reyni.

Ágúst var heppinn, lenti undir í nokkrum skákum en tókst að hafa sigur í þeim öllum og stóð loks uppi sem sigurvegari í mótinu með 6 1/2 vinning af 7 mögulegum.

Sigurjón Óli Ágústsson átti gott mót og sigraði í yngri flokk með 5 vinninga af 7 mögulegum.

Allir keppendur fengu lítið páskaegg en 6 efstu í yngri flokk stærra egg, 3 efstu í þeim eldri.

Skákæfingar hafa gengið mjög vel, þegar mest er hafa 14 krakkar mætt. Æfingar falla niður 12 og 19.apríl þar sem undirritaður verður erlendis.

Annars minni ég á <http://floaskak.blog.is> - þar má sjá nánar um úrslit allra móta auk mynda. Þeir sem vilja fylgjast með fréttum af mótum og öðru er bent á að skrá sig á póstlistann (undir tenglar neðst til vinstri).

Bestu kveðjur, Ágúst Valgarð Ólafsson

Glímufréttir:

Marín Laufey glímudrottning

Íslandsglíma karla og kvenna fór fram í Frostaskjóli í Reykjavík laugardaginn 2. apríl. Alls glímdu fimm karlar um Grettisbeltið og sjö konur um Freyjumenið. Marín Laufey Davíðsdóttir úr Þjótanda gerði sér lítið fyrir og sigraði kvennaflokkinn og varð þar með glímudrottning í fjórða sinn.

Héraðsglíma HSK

Héraðsmót HSK í glímu fer fram að Laugalandi í Holtum laugardaginn 9. apríl og hefst kl. 13:00. Keppt verður í flokkum barna og unglinga 11 ára og yngri, 12 ára, 13 ára, 14 ára, 15 ára, 16 ára og unglinga 17-20 ára auk þess sem keppt verður um Skarphéðinsskjöldinn og Bergþóruskjöldinn í fullorðinsflokkum.

Glímuæfingar

Glímt er í Félagslundu á fimmtudagskvöldum frá 20 til 21:30 og verður æft út aprílmánuð. Þjálfari er Stefán Geirsson.

Íþróttافرéttir

Héraðsleikar HSK fóru fram í íþróttahúsinu á Hvolsvelli 13. mars síðastliðinn. Umf. Þjótandi átti flottan hóp af krökkum á mótinu. Átta ára og yngri kepptu í þrautabraut en 9-10 ára kepptu í hefðbundnum greinum. Að mótí loknu fengu allir þátttakendur verðlaunapening. Hér er árangur krakkana á mótinu:

Keppendur í þrautabraut:

Björgvin Guðni Sigurðsson	'09
Helgi Reynisson	'08
Hjörleifur Máni Rúnarsson	'08
Jón Oliver Rúnarsson	'10
Kristófer Máni Andrason	'10
Ásta Björg Jónsdóttir	'10
Karólína Þórbergsdóttir	'09
David Örn Sævarsson	'08
Axel Sævarsson	'11
Kristján Reynisson	'12

Keppendur 9-10 ára:

Hjalti Geir Jónsson	'06	30m hlaup	5,3sek	1. Sæti
		Hástökk	1,05m	3. Sæti
		Langst án atr.	1,81m	1. Sæti
		Kúluvarp (2kg)	5,67m	5. sæti
Viðar Hrafn Victorsson	'06	30m hlaup	5,4 sek	2. Sæti
		Hástökk	1,00m	4.-5. sæti
		Langst án atr.	1,55m	6. sæti
		Kúluvarp (2kg)	5,71m	3.sæti
Óskar Freyr Sigurðsson	'07	30m hlaup	6,6sek	8.-10. sæti
		Langst án atr.	1,62m	2. sæti
		Skutlukast	9,50m	6. sæti
Þórunn Sturludóttir Schacht	'06	30m hlaup	5,9sek	8.-9. sæti
		Langst án atr.	1,48m	9. sæti
		Kúluvarp (2kg)	4,21m	13. sæti
Soffía Náttól Andradóttir	'06	30m halup	6,5sek	15. sæti
		Langst án atr.	1,63m	6. sæti
		Kúluvarp (2kg)	3,17m	15. sæti
Laufey Árnadóttir	'06	30m hlaup	8,1sek	17. sæti
		Langst án atr.	1,18m	15. sæti
		Kúluvarp (2kg)	4,46m	8. sæti

Fréttir frá Flóahlaupinu

Flóahlaupið fór fram við góðar aðstæður laugardaginn 2. apríl, nú í fyrsta sinn í framkvæmd Umf. Þjótanda en áður hafði Umf. Samhygð veg og vanda að hlaupinu. Á meðan hlaupið fór fram var logn en talsverð úrkoma, ágætis hlaupaveður. Keppendur í 10km hlaupinu voru 50 talsins, 12 einstaklingar hlupu 5 km og 15 hlupu 3 km.

Sigurvegarinn í 10km hlaupinu var Þorleifur Þorleifsson en hann rann Vorsabæjarhringinn á 38,18mín. Þorsteinn Magnússon sigraði svo 5km hlaupið á 19,32mín og Dagur Fannar Einarsson sigraði 3km hlaupið á tímanum 12,24mín. Veitt voru verðlaun fyrir fyrstu þrjú verðlaunasætin í hverri vegalengd auk þess sem veitt voru verðlaun eftir aldursflokkum. Heildarúrslit hlaupsins má sjá á www.hlaup.is. Þess ber að geta sérstaklega að einn keppandi var í flokki karla 80 ára og eldri en það var Hafsteinn Sæmundsson frá Grindavík en hann hljóp 10 kílómetrana á tímanum 69,34mín. Hafsteinn var verðlaunaður sérstaklega fyrir sitt afrek, enda er Markús Ívarsson hlaupstjóri Flóahlaupsins þekktur fyrir að bæta við og breyta verðlaunum eftir því sem tilefni þykir til.

Að hlaupi loknu var öllum hlaupurum boðið til kaffihlaðborðs sem svignaði að undan kræsingum að venju og við viljum þakka þeim sem bökuðu fyrir okkur sérstaklega fyrir þeirra framlag. Öðrum starfsmönnum hlaupsins er einnig þakkað fyrir hjálpina. Styrktaraðilum hlaupsins er einnig þakkað sérstaklega fyrir þeirra framlag en þeir voru að þessu sinni:

HP kökugerð

Nettó	Byko
MS	Lögmenn Suðurlandi,
Vís	TM
Flóahreppur	Fossdekk

Stjórn Umf. Þjótanda

Er hundurinn þinn á Kóngafæði ?

Ef svo er ekki þá er ég að selja hundafóður frá King Bellfor.

Allar uppl í s: 8203565 og icegordon@gmail.com

Ragnar Sigurjónsson

NAUTGRIPARÆKTARFERÐ 2016

Miðvikudaginn 6. apríl stendur Nautgriparæktarfélag Flóamanna fyrir skoðunar- og skemmtiferð ætlaða bændum og búliði á starfssvæði félagsins.

Dagskrá ferðarinnar er eftirfarandi:

Ferðin hefst kl. 11:00 á heimsókn í Smjördali þar sem litið verður inn í nýbyggt fjós með mjaltþjón hjá Grétari Sigurjónssyni og fjölskyldu. Í Smjördölum bíður ferðalanga rúta sem leggur upp klukkutíma seinna og liggur þá leiðin upp í Gunnarsholt á Rangárvöllum þar sem tekið verður hús á Landgræðslu ríkisins. Þar verður snæddur hádegisverður gegn vægu gjaldi auk þess sem við fáum kynningu á starfsemi og húsakynnum Landgræðslunnar. Frá Gunnarsholti verður ekið að Móeiðarhvoli í Hvolhreppi þar sem ábúendur, Birkir og Bóel, hafa nýverið reist nýtt fjós sem rúmar tvo mjaltþjóna með tilheyrandi gripafjölda og velferðarplássi.

Áætluð heimkoma í Smjördali er milli 16:30 og 17.

Allir áhugamenn um nautgriparækt og fjósbyggingar eru velkomnir með. Ekkert fargjald er innheimt. Tekið verður við pöntunum í ferðina hjá stjórnarmönnum fram á þriðjudaginn 5. apríl.

Stefán Geirsson, Gerðum – sími: 8676907

Fanney Ólafsdóttir, Hurðarbaki - sími: 8924155

Aðalfundur félagsheimilanna í Flóahreppi

Aðalfundur félagsheimilanna í Flóahreppi verður haldinn í **Þingborg þriðjudagskvöldið 12. apríl kl. 20:30.**

Á dagskrá er:

Skýrsla rekstrarstjórnar

Kynning á rekstri félagsheimilanna 2015

Fjör í Flóa

Önnur mál

Fundurinn er opinn öllum íbúum Flóahrepps.

Rekstrarstjórn félagsheimilanna í Flóahreppi

Þakkir til Búnaðarfélags Villingaholtshrepps

Umf. Þjótandi fékk á dögnum rausnarlega gjöf frá Búnaðarfélagi Villingaholtshrepps. Á aðalfundi ungmennafélagsins voru okkur færð að gjöf sex páskaegg frá Nóa Síríus sem búnaðarfélagið hafði keypt til styrktar krabbameinssjúkum börnum. Þessi páskaegg voru nýtt sem vinningar á páskaþingi félagsins. Skömmu seinna bætti búnaðarfélagið um betur og veitti ungmennafélaginu peningagjöf að verðmæti 100.000 kr. Þessi peningagjöf mun nýtast félaginu vel og verður nýtt upp í bolakaupin sem félagið réðst í á dögnum en félagið niðurgreiðir bolina um 50% til félagsmanna. Við í stjórn ungmennafélagsins lítum ekki einungis á gjafirnar sem fjárhagslegan styrk til félagsins. Gjafirnar sýna einnig mikla velvild í okkar garð en það er okkur mjög mikilvægt að finna fyrir stuðningi samfélagsins á þessum breytingartímum. Fyrir hönd stjórnarinnar vil ég þakka Búnaðarfélagi Villingaholtshrepps kærlega fyrir okkur.

Guðmunda Ólafsdóttir, formaður Umf. Þjótanda

Frá kvenfélögunum í Flóahreppi:

Skyndihjálparnámskeið í Þjórsárverri 25. apríl kl. 20.00.

Kvenfélögin í Flóahreppi standa fyrir 4 kennslustunda skyndihjálparnámskeiði, en það verður haldið í Þjórsárverri mánudaginn 25. apríl kl. 20.00.

Farið verður í grundvallaratriði endurlífgunar og skyndihjálpar, Leiðbeinandi verður Þórir Tryggvason sjúkraflutningamaður og er verð aðeins kr: 4.000,-.

Kvenfélagskonur munu ganga fyrir skráningu en ef verða laus pláss verður öðrum hleypt að, en möguleiki er á öðru námskeiði daginn eftir ef ásókn er mikil. Aðeins 10-15 komast á hvert námskeið. Fyrstur kemur, fyrstur fær....

Svo allir sem hafa áhuga á að komast á námskeið endilega skráið ykkur hjá mér, helst á netfangið: kfvillingaholtshrepps@gmail.com eða í síma 482 2553 fyrir 20. apríl.

Sólveig Þórðardóttir
form kvf. Villingaholtshrepps

Frá Hrossaræktarfélagi Villingaholtshrepps:

Ábending til félagsmanna sem eftir eiga að greiða félagsgjöld fyrir árin 2015 og/eða 2016 að greiða þau nú í apríl.

Í maí verða sendir út gíroseðlar til þeirra sem eftir eiga að greiða.

Félagsgjöldin eru 1000 kr fyrir hvert ár.

Vinsamlega leggið inn á reikning **0152-26-00799 Kt 640809-0270**

Skýring: Félagsgjöld

Gjaldkeri

Umhirða Villingaholtskirkjugarðs sumarið 2016

Kæru sveitungar, sóknarnefnd Villingaholtskirkju auglýsir hér með eftir aðila til að sjá um umhirðu kirkjugarðsins sumarið 2016. Um er að ræða slátt á kirkjugarði og kringum aðstöðuhús sem og snyrtingu kringum legsteinna, á u.þ.b. tveggja vikna fresti allt sumarið, og hreinsun trjábeða ca. tvisvar sinnum yfir sumarið eða eftir þörfum. Öll áhöld eru til staðar í aðstöðuhúsi.

Athugið að þetta er launað starf.

Nánari upplýsingar gefur undirrituð í síma 482 2553/869 6534 eða email: skufslaekur2@gmail.com.

Sólveig Þórðardóttir

Fundarboð !

Aðalfundur Búnaðarfélags Hraungerðishrepps verður haldinn á Stóra-Ármóti 11.apríl nk.kl.13:00. Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf.

Einnig mun Jón Tryggvi Guðmundsson frá Hraungerði segja frá gasframleiðslunni þar. Sagt verður frá tilraun sem er í gangi á Stóra-Ármóti og einnig væntanlegri einangrunarstöð fyrir holdanaut.

Allir velkomnir

Stjórnin

Frá Villingaholtskirkju :

Aðalsafnaðarfundur Villingaholtssóknar

Aðalsafnaðarfundur Villingaholtssóknar verður haldinn í Tré og List í Forsæti, þriðjudaginn 19 apríl kl. 20.00. Óli í Forsæti hefur nú lokið við að gera upp gamla kirkjuorgelið sem geymt er í safninu og mun spila á það fyrir okkur.

Dagskrá fundar:

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar lesin upp
3. Starfsskýrsla formanns sóknarnefndar
4. Reikningar skýrðir og ræddir
5. Önnur mál.

Aðalfundur Flóakorns ehf.

Flóakorn ehf. heldur aðalfund sinn fyrir árið 2015 og endurtekin aðalfund fyrir árið 2014 þriðjudagskvöldið **19. apríl kl. 20:30 í Félagslundu**. Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf s.s. reikningar, kosningar o.fl. Hluthafar eru hvattir til að fjölmenna auk þess sem aðrir áhugamenn um kornyrkju eru velkomnir. Kaffiveitingar í boði félagsins.

Stjórnin.



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160

Æskulýðs- og tómstundanefnd Flóahrepps

Æskulýðs- og tómstundanefnd Flóahrepps óskar eftir tilnefningum til íþróttamanns ársins 2015. Þeir sem tilnefndir eru þurfa að hafa lögheimili í Flóahreppi og hafa skarað fram úr í íþróttum á árinu 2015. Farið er eftir úthlutunarreglum ÍSÍ. Ábendingar skulu berast fyrir 15. apríl á netfangið/síma hofgerdi60@gmail.com eða í síma 696-1752 (Ranna)

Dagskrá mánaðarins

Nautgriparæktarferð	6. apríl
Glímuæfing	7. apríl
Kvöldvaka Kvenfélaganna	7. apríl
Skíðaferð	8. apríl
Hrossaræktarferð	9. apríl
Héraðsglíma	9. apríl
Láta vita um viðburð á Fjör í Flóa	10. apríl
Aðalfundur Búnaðarfélags Gaulverja	11. apríl
Aðalfundur Búnaðarfélags Hraungerðishr.	11. apríl
Aðalfundur Félagshöfðingja	12. apríl
Glímuæfing	14. apríl
Bingó 10. bekkjar í Þjósárverri	14. apríl
Aðalfundur Skógræktarfélags Hraungerðishr.	14. apríl
Aðalfundur Flóakorns ehf.	19. apríl
Aðalsafnaðarfundur Villingaholtssóknar	19. apríl
Glímuæfing	21. apríl
Víðavangshlaup	21. apríl
Skyndihjálparnámskeið	25. apríl
Skákæfing	26. apríl
Glímuæfing	28. apríl

